

Stjórnarfundur Leiknar: Miðvikudaginn 16. september 2019

kl. 10-13.

Staður: Stórhöfði 27, 110 Reykjavík, Rafmennt

Mætt: Eyjólfur (ES), Eyrún (EV), Fjóla (FML), Helgi Þorbjörn (HÞS), Ingibjörg (IK), Þór (ÞP) og Guðfinna (GH), sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Helgi bauð nýja stjórn Leiknar velkomna til starfa og er hún skipuð eftirfarandi fulltrúum:

- Eyjólfur Sturlaugsson, Fræðsluneti Suðurlands
- Eyrún Valsdóttir, Félagsmálaskóla alþýðunnar (varamaður)
- Fjóla María Lárusdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífs
- Guðfinna Harðardóttir, Starfsmennt fræðslusetur
- Helgi Þorbjörn Svavarsson, SÍMEY
- Ingibjörg Kristinsdóttir, Framvegis
- Þór Pálsson, RAFMENNT (varamaður)

Stjórn skipti með sér verkum og er Helgi formaður, Eyjólfur varaformaður, Guðfinna gjaldkeri, Ingibjörg ritari og vefstjóri, Fjóla aðalmaður í stjórn og Eyrún og Þór eru varamenn.

2. COVID og umræður um aðgerði í kjölfar faraldursins og hlutverk Leiknar

Umræða um áhrif faraldursins, hvernig gengið hefur hjá miðstöðvunum, væntingar til aðgerða sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja fé til og byggja á tillögum frá SAM hópnum (Samhæfingarhópur um atvinnu- og menntaúrræði). Spurningar hafa vaknað um stöðu fullorðins- og framhaldsfræðslunnar í þeim aðgerðum sem farið verður í, stjórnvöld hafa lagt fé til að fjölga stöðum ráðgjafa hjá Vinnumálastofnun og framhaldsskólunum en símenntunarmiðstöðvar í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífs hafa byggt upp sérfræðipækkingu á málefnum markhóps framhaldsfræðslulaga og stuðningi við fullorðna námsmenn.

Átak stjórnvalda í menntamálum hefur fengið heitið *Nám er tækifæri* og byrjar af krafti um áramótin 20/21. Það byggir að stórum hluta af reynslunni sem fékkst úr sambærilegu átaki í kjölfar fjármálahrunsins sem hét *Nám er vinnandi vegur*. Meðal þess sem er í undirbúningi er smíð reglugerðar um nám sem telst til vinnumarkaðsúrræða og heimilar Vinnumálastofnun að gera námssamninga við atvinnuleitendur. Í reglugerðardrögum eru listaðar upp tiltekna námsleiðir innan framhaldsskóla, framhaldsfræðslu og háskóla og er lögð sérstök áhersla á námsleiðir innan starfsmenntunar og heilbrigðisgreina.

Áhrif Covid eru ólík milli landshluta og milli starfsgreina. Sums staðar virðist ládeyða en annars staðar er nóg að gera t.d. á Suðurlandi og Norðurlandi eystra við að setja upp námskeið í samvinnu við VMST og Virk og jafnvel eru dæmi um að framhaldsskólar hafi sóst eftir samstarfi við símenntunar-

miðstöðvar eða leitað ráða hjá þeim. Formlega skólakerfinu hefur verið tryggt fjármagn til átaksverkefna en ekki er ljóst hvor viðbótarframlag verður sett í Fræðslusjóð fyrir árslok (er þó sett fram í tillögnum). Þá er einnig óljóst hvar frumkvæði að samstarfi VMST og símenntunarmiðstöðvanna liggur, þ.e. hvort miðstöðvarnar hver fyrir sig eigi að setja sig í samband við VMST eða hvort beiðni berist frá stofnuninni um samstarf við miðstöðvarnar.

Rætt var um aðkomu Leiknar og hvernig hægt væri að hvetja miðstöðvarnar áfram í þessu fordæmalaus ástandi. Leikn á nú þegar fulltrúa í SAM hópnum og er fylgst vel með starfi og tillögum sem þaðan koma. Samþykkt var að fylgjast áfram með, sjá hvernig hlutirnir munu þróast en einnig að kalla eftir hugmyndum frá aðildarfélögum um hver aðkoma fullorðins- og framhaldsfræðslunnar geti verið.

3. Starfið framundan

a) Fræðsluerindi

Helgi vakti athygli á youtube rás Leiknar þar sem fræðsluerindi birtast og hvatti nýja stjórnarmeðlimi til að kynna sér þau fræðsluerindi sem þegar eru vistuð á rásinni, sjá nánar á <https://www.youtube.com/channel/UCTH9bOnkIchMmblrfXPYJWg> Umræða um hvernig eigi að halda áfram með fræðsluerindi því áhorf er lítið. Ákveðið að senda stutta könnun á póstlista Leiknar til að fá hugmyndir að áhugaverðum erindum.

b) Miðlun til aðildarfélag

Umræða um hvernig hægt er að ná til aðildarfélag m.a. á FB síðu samtakanna <https://www.facebook.com/Fullordnir>. Þurfum að hvetja fólk til að fylgjast með fréttum. Rætt um hugmynd Helga að skrifa greinar upp úr Manifesto og fá þær birtar í fréttamiðlum. Markmiðið er að vekja athygli á gildi óformlegrar fræðslu fyrir líf einstaklinga og samfélagið í heild. Tillagan var samþykkt.

c) Staðan í Evrópusamstarfi

Leikn á aðild að EAEA og fer með atkvæðaréttí samtökunum. Fyrirhugaðri ráðstefnu á vegum EAEA hefur verið frestað en norræn deild EAEA mun halda fjarfund í tengslum við fjarráðstefnu NVL þann 21.september nk. Efni sem eru efst á baugi bæði hjá EAEA og NVL varða borgaraleg réttindi, sjálfbærni og umhverfisvernd. Helgi ætlar að taka þátt í fjarfundi norrænu deildarinnar.

4. Afgreiðsla aðildarumsóknar Múltíkúlti að Leikn

Stjórn Leiknar hefur borist umsókn um aðild að samtökunum frá Múltíkúlti tungumálaskóla. Skólinn er viðurkenndur framhaldsfræðsluaðili af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneyti og býður upp á íslenskunámskeið á fimm mismunandi erfiðleikastigum, auk námskeiða í spænsku, ítölsku og ensku.

Í samræmi við breytingar sem gerðar voru á samþykktum Leiknar á aðalfundi þann 9. júní 2020 telst Múltíkúlti uppfylla skilyrði um aðild að samtökunum og var umsóknin því samþykkt. Formanni var falið að tilkynna tungumálaskólanum um ákvörðun stjórnar.

5. Námsferð Leiknar

Samþykkt var að fresta fyrirhugaðri námsferð stjórnar Leiknar til Danmerkur og að sama skapi verður fyrirhuguðum styrkveitingum vegna námsferða félagsmanna frestað þar til skýrist hvernig fer með heimsfaraldur kórónaveirunnar. Rannís hefur samþykkt frestun á KA1 Erasmusplus verkefni Leiknar.

6. Frágangur á prókúru, netfangi og fleiru hagnýtu

Gengið var frá prókúru, breytingu á lögheimili Leiknar o.fl. hagnýtu vegna breytinga í stjórn.

7. Önnur mál

Rætt um samskiptavettvang fyrir stjórn. Helgi kannar málið betur og verður í sambandi við hópinn.

Fundi slitið kl. 13:000, næsti fundur verður ákveðinn síðar.